Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 52

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bmf. 13/8 '10
Bg. 14

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar
## 13. ág. 1910.-

---

10/8 afgr. 1. Thor Jensen, kaupm. leyft að lengja útihús á lóð hans við Fríkirkjuveg um 11 álnir. Breidd hússins er 8½ a[ln.]

2. Garðar Gíslason & Hay sækja um leyfi til að byggja geymsluhús, 50 x 31 alin að stærð, á [illegible]lóð með gangi gegnum húsið endilangt. Byggingarnefndin vill veita leyfið með þeim skilyrðum
1°, að húsið nái ekki norður fyrir syðri jaðar fyrirhugaðrar Strandgötu, en hann er ákveðinn í stefnu við norðurvegg sláturhússins
2°, að samþykki bæjarstjórnar verði fengið til að breyta lóðinni í byggingarlóð, en nú er hún erfðafestuland
3°, að ef húsið verður byggt hornrjett, þá verði austurhorn hússins að minnsta kosti 2 áln. fyrir sunnan hinn fyrirhugaða götujaðar.

3. Gunnar Gunnarsson, kaupm. fer þess á leit, að bæjarstjórn kaupi ræmu af lóð hans vestan Klapparstígs, undir götu, sem þar er ákveðin. Borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið að rannsaka þetta mál.

[redacted] 19/8 afgr. 4. Frú Lovise Bjering leyft að breyta gluggum á framhlið hússins Nr. 6 við Laugaveg.

5. Byggingarn. vill fyrir sitt leyti leyfa D. Östlund að setja steinolíu mótor í prentsmiðju hans við Kolasund og gjöra þar af leiðandi breytingar á húsinu. Nefndin áskilur að pípa fyrir útstreymi frá mótornum sje svo há, að engin óþægindi stafi af honum fyrir nágrannahúsin. Að öðru leyti þarf leyfi brunamálanefndar.-

10/8 afgr. 6. Jóni Einarssyni, Nýlendug. 16, leyft að byggja skúr 4½ x 11 al. norðan við íbúðarhús hans þar. Leyfið er bundið því skilyrði, að íbúðarherbergi fullnægi ákvæðum byggingarsamþyktar.-

Allir á fundi nema [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefndarfund 13. ág. 1910. –

1/. Thor Jensen, Fríkirkjuveg. Hlaða og geymsluhús.

2/. Garðar Gíslason, Frostastaðalóð, vörugeymsluhús. –

3/. Gunnar Gunnarsson, kaupmaður. Klapparstíg. –

4/. Louise Biering. – Breyting á gluggum.

5/. Östlund. Austurstræti. – Motor.

6/. Jón Einarsson. Nýlendugötu 16. – Viðbót við hús. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**G. Gislason & Hay**

**Synishornasafn**

Simnefni: "Gislason" { Reykjavik / Leith

A B C Code. 5 utgafa

Talsimi No. 142

Reykjavik, 12. Ágúst 1910

Vid höfum í hyggju ad byggja, hjer nordan vid verzlunarhúsid „Kaupangur", pakkhús – 50 al. langt og 31 al. breitt, ad medtalinni götu sem á ad liggja í gegnum þad endilangt –. Og viljum því bidja hina heidrudu bygg=ingarnefnd um útmæling undir áminst hús og leyfi til ad mega byggja þad eins og vidlögd teikning sýnir. Ennfremur leggjum vid hjermed riss yfir lód þá er húsid á ad standa á.

Kærkomid væri ad hin heidrada byggingarnefnd vildi afgreida þetta mál fljótlega.

Virdingarfyllst

G. Gislason & Hay

P. S.

Vid höfum vidlagt tvær teikningar af ofannefndu húsi — teikning án hornskekkju, sem ákjósanlegast væri ad mega byggja eptir og teikning med hornskekkju —, med því fyrir augum, ad hin heidrada byggingarnefnd ákvedi og leyfi adra hvora bygginguna, og ad vid, þá ákvördun er tekin, framleggjum duplicat af þeirri teikningunni sem verdur samþykt.

G.G.H.

B. Rvk 594/1910 By. 14

Allskonar vörur keyptar á útlendum mörkuðum í stókaupum og allar íslenzkar afurðir teknar til umboðssölu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12 ágúst 1910

Hjermeð leifi eg mjer undirskrifaður að biðja hina heiðruðu Byggingarnefnd Reykjavíkur leifis til að breita gluggum á framhlið húss síns við Laugaveg 6 þannig frá því sem eg áður hefi fengið leifi til að breita gluggum í nefndu húsi að í stað 4 glugga komi 2 þrísettir á hliðina teikning svo sem eg áður hefi lagt fyrir yður fylgir hjermeð og sýnir hún breitinguna þá er eg nú fer framá

Virðingarfyllst

pr Lauersen & Bjering

Joh Jóhannesson

B. Rvk. 593/1910 Bj. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér hefur komið til hugar að bæta viðuti-
húsbygginguna hjá mér, um 11 áln. á lengd og 8 ál. breidd,
alt í sama formi sem núverandi bygging er, og
leyfi mér hjálagt að senda hinni háttvirtu bygg-
ingarnefnd, nákvæma teikningu yfir viðbót
þessa, til athugunar og umsagnar, hvort nokkuð
sé til fyrirstöðu þessu áformi mínu, eða
hvort teikningarnar á nokkurn hátt þurfa að
breytast.

Virðingarfyllst:

[illegible]

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 592/1910 B.J. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður óska þess á leit við byggingarnefnd Reykjavíkur að mér verði veitt leyfi til þess að gera viðbót við hús ~~mitt~~ eftir meðfylgjandi uppdrætti

Virðingarfylst

Reykjavík 13 ág. 1910

Jón ~~Eiríksson~~

B. Rek.
591/1910 B V. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telefon no. 27 | Prentsmiðja Bókaforlag | Póstbox 33 A

**DAVID ÖSTLUND, REYKJAVÍK**

Telegr.adr.: Östlund | „Frækorn" Heimilisblað | Austurstræti 17

Rvík 12 ágúst 1910.

Hérmeð leyfi eg mér að beiðast þess, að hin háttvirta byggingarnefnd leyfi mér að setja inn 2. hesta steinolíumótor í prentsmiðju mína í hinu svonefnda pakkhúsi, sem tilheyrir eign minni við Austurstr. 17. Prentsmiðjuhúsið er með gafli að Kolasundi.

Eins og sést af uppdrættinum, sem fylgir þessu bréfi, ætlast eg til að hafa mótorinn í horni í húsinu að Kolasundi. Til þess að eldtrygt verði, vil eg:

1) setja upp 5 þl. þykkan múrvegg alla leið í kring;
2) Hafa steinsteypugólf og uppundir loft rörlagt og "pússað";
3) Hafa hvergi tré bert í ~~húsinu~~ herberginu fyrir mótorinn;
4) Klæða hurðina, er gangi út í portið, beggja megin með járni.

Heiðrað svar óskast sem fyrst.

Virðingarfylst

David Östlund

Byggingarnefnd

Reykjavíkur.

B. Rvk. 590/1910 Bj. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur